

Skólaráð Naustaskóla

3. fundur ársins 2013 þann 13. mars 2013

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir.

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Gísli Rúnar Magnússon og Áshildur Hlín Valtýsdóttir

Fulltrúar starfsmanna: Guðrún Huld Gunnarsdóttir og Aðalheiður Skúladóttir. Mikil forföll á þessum fundi og ekki náðist að kalla inn varamenn í öllum tilfellum.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Skóladagatal.** Farið yfir tillögu að skóladagatali, síðasta útgáfa hafði verið send út til fulltrúa og var hún rædd á kennarafundi í gær. Umræður urðu um nokkra þætti s.s. hvaða tími væri heppilegastur fyrir árshátíð og voru skiptar skoðanir á því, Einnig um samræmingu við lokanir á leikskólanum o.fl. Að endingu var niðurstaðan hins vegar sú að samþykka fyrirbyggjandi tillögu óbreytta.
2. **Heimanám.** Á síðasta fundi var óskað eftir umræðu um heimanám. Fulltrúar foreldra hafa orðið varir við að foreldrar sakna þess að ekki sé meira heimanám við skólann og óska eftir endurskoðun á því. Við höfum ekki enn fengið niðurstöður úr foreldrakönnun Skólapúlsins sem fram fór í síðasta mánuði en þar var meðal annars spurt um þennan þátt. Þegar þær niðurstöður liggja fyrir munum við taka málið til skoðunar innan skólans.
3. **Viðmiðunarstundaskrá.** Gengið er út frá því að nota svipuð viðmið fyrir næsta skólaár og nú voru notuð, ef ekki koma ábendingar eða athugasemdir um annað. Umræður urðu um náttúrufræðikennslu, betur þarf að nýta aðstöðu og leggja meiri áherslu á náttúrufræðikennsluna. Einnig rætt um íþróttir og sund, ekki síst þá stöðu að erfitt er að fá stúlkur á unglingastigi til að mæta í sundtíma, jafnvel þó að um kynjaskipta hópa sé að ræða.
4. Öðrum málum frestað til næsta fundar en stefnt er að honum 10. apríl nk.

Ágúst Jakobsson ritaði fundargerð